

Nd.

24. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Upphaf 7. tölul. 32. gr. laganna skal orða svo:

Hafi enn fremur 3 ár samtals verið skrifstofustjóri Alþingis eða fulltrúi í skrifstofu þess, skrifstofustjóri eða fulltrúi í stjórnarráðinu, fulltrúi héraðsdómara, þar á meðal borgardómara, borgarfógeta og sakadómara í Reykjavík, eða fulltrúi lögreglustjórans þar, lögreglustjóri eða bæjarstjóri o. s. frv.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk frá forsetum Alþingis, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir.

Síðan einkamálalögin voru sett, hafa orðið verulegar breytingar á skipan og heiti þeirra embætta hér í Reykjavík, sem upp eru talin í 7. tölulið 32. gr. fyrrnefndra laga og gert var ráð fyrir, að veittu þeim löglærðu fulltrúum, er við þau störfuðu, þá þekkingu og reynslu, sem talin var nauðsynleg til, að skipa mætti þá í dómaraembætti. Með lögum nr. 67 1939 var lögreglustjóraembættinu skipt og sakadómaraembættið stofnað. Síðan var lögmannsembættinu, með lögum frá síðasta þingi, skipt í borgardómara- og borgarfógetaembætti.

Pótt litið kunni að verða svo á, að lögjöfnun leiði til þess, að fulltrúar við þessi embætti falli undir ákvæði 7. töluliðar 32. gr. einkamálalaganna, þykir þó réttara að taka af allan vafa þar um og breyta því töluliðnum á þann hátt, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Þá virðist og sjálfsagt, að skrifstofustjóri Alþingis og fulltrúi í skrifstofu þess njóti sama réttar og samsvarandi starfsmenn í stjórnarráðinu.